

NORRÆN SAMSTARFSÁÆTLUN UM JAFNRÉTTISMÁL 2019–2022

1. INNGANGUR

Áhersla á jafnrétti á svæðinu

Samstarf Norðurlandanna, einnig Álandseyja, Færeyja og Grænlands, um jafnréttismál á með beinum og skilvirkum hætti að stuðla að því að fullt jafnrétti ríki á Norðurlöndum. Norðurlöndin hafa náð góðum árangri í jafnréttismálum með setningu laga og pólitískum aðgerðum. Eigi að síður eiga löndin langt í land með að tryggja öllum konum og körlum, stúlkum og drengjum, jöfn völd, áhrif og tækifæri til að ráða sínu eigin lífi og taka þátt í mótun samfélagsins í samræmi við fimmta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Virk stefna í jafnréttismálum, sem gagnast ekki aðeins einstaklingum heldur samfélaginu öllu, er forsenda aukins jafnréttis í samfélaginu. Ganga ber út frá því að konur og karlar, drengir og stúlkur, séu ekki einsleitir hópar en rannsóknir og mat á ýmsum áhrifaþáttum eins og efnahagslegum bakgrunni, uppruna, starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund og kyngervi geta ráðið miklu um hvort jafnréttisstarfið reynist markvisst og árangursríkt. Hvað aldur snertir er jafnframt mikilvægt að taka fram að áskoranir í jafnréttismálum eru mismunandi eftir æviskeiðum og geta verið aðrar hjá eldri aldurshópum en hinum yngri. Sjálfbærni til framtíðar er undir því komin að horft sé til færnei og reynslu kvenna og karla, stúlkna og drengja, og að kynin njóti jafnra tækifæra til að hafa áhrif. Að því er stefnt í samstarfsáætlun Norðurlandanna um jafnréttismál fyrir tímabilið 2019–2022.

Meginmarkmiðið er að hið svæðisbundna samstarf um jafnréttismál verði skilvirkt, markvisst og árangursríkt í samræmi við framtíðarsýnina fyrir norrænt samstarf (frá árinu 2014). Meginefni norrænu samstarfsáætlunarinnar um jafnréttismál eru fjögur: Vinnumarkaður til framtíðar og hagvöxtur, velferð, heilsa og lífsgæði, völd og áhrif og jafnréttisstarf með áherslu á karla og karlmennskuímyndir. Í samstarfsáætluninni er greint frá brýnustu viðfangsefnunum og hvernig brugðist verður við þeim. Verkefni sem ráðist verður í á gildistíma áætlunarinnar eiga að leiða til samfélagsbreytinga til langs tíma. Norðurlöndin eiga að vinna ötulllega í þágu alls almennings og í anda heimsmarkmiða SP um sjálfbæra þróun að því að vera það svæði í heiminum þar sem jafnrétti mælist mest.

Norðurlöndin standa frammi fyrir ýmsum áskorunum í jafnréttismálum. Þær komu ekki síst skýrlega í ljós fyrir tilstilli hinnar víðtæku #metoo-hreyfingar. Konur og stúlkur hafa sagt frá reynslu sinni af



kynferðislegri áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi og staðið sameiginlega að ákalli til að vekja athygli á vandanum og krefjast breytinga. Norðurlöndin þurfa að leggjast á eitt um að bregðast við vandanum og greiða fyrir auknu jafnrétti íbúanna á öllum sviðum lífsins.

Samfélög á grundvelli sjálfbærni, jafnréttis og lýðræðis fást ekki áreynslulaust. Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, velja stundum ólíkar leiðir til jafnréttis. Sú fjölbreytni er styrkur Norðurlanda. Í framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf (frá árinu 2014) er bent á kosti náins samstarfs þar sem vænta má betri árangurs í sameiningu en ella. Með markvissu og nánu samstarfi þar sem góð dæmi frá Norðurlöndunum, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi, nýtast í norrænu samstarfi má tryggja að Norðurlöndin verði áfram forgangssvæði í jafnréttismálum.

Breytinga er þörf í jafnréttisstarfi sem fjallar um karla, drengi og staðalímyndir karlmennsku. Ríkjandi karlmennskuímyndir geta verið ýmist góðar eða slæmar fyrir karla og drengi. Til að auka jafnrétti er mikilvægt að rannsaka kynjahlutverk karla og skoða það við ýmsar aðstæður í samfélaginu, til að mynda á vinnumarkaði og innan heimilisins. Til að stemma stigu við stöðluðum kynjahugmyndum um konur og karla, stúlkur og drengi, munu málefni sem varða kynjaímyndir, lífsskilyrði og ábyrgð drengja og karla öðlast skýrari sess í norrænu jafnréttissamstarfi.

Á gildistíma áætlunarinnar verður einnig fjallað um áskoranir í jafnréttismálum frumbyggja á Norðurlöndum og réttindi þeirra, einnig frá sjónarhóli norðurslóða. Miðlun þekkingar og reynslu á þessu sviði verður ofarlega á dagskrá og jafnframt þverlægt stef á öllum aðgerðasviðum samstarfsins. Samstarfi við Eystrasaltslöndin verður haldið áfram. Enn verður unnið að því að mæta alþjóðlegum skuldbindingum í jafnréttismálum þar sem samstarfið leiðir til virðisauka og þar er kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (CSW) mikilvægur vettvangur.

Samþætting jafnréttissjónarmiða er forsenda þess að markmiðinu um fullt jafnrétti verði náð á Norðurlöndum og í norrænu samstarfi. Enn sem fyrr er samþætting jafnréttissjónarmiða helsta leiðin til að ná settum markmiðum. Snar þáttur í framkvæmd samstarfsáætlunarinnar verður að mynda og efla bandalög. Norrænt samstarf um jafnréttismál á að renna styrkari stoðum undir það samstarf sem fyrir er jafnframt því að leita sífellt nýrra og nýstárlegra samstarfsleiða.

Samstarfsáætlunin var samþykkt hinn xx. nóvember 2018 og gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2022.



2. STEFNUMARKANDI ÁHERSLUSVIÐ

Vinumarkaður og hagvöxtur til framtíðar

Jafnrétti og hagvöxtur eru nátengd á Norðurlöndum. Mikil atvinnuþátttaka kvenna og karla hefur skapað forsendur fyrir sjálfbærum hagvexti í löndunum og fjárfestingar í jafnrétti eiga sinn þátt í því að Norðurlöndin eru meðal sterkustu hagkerfa heims. Enn hvílir ábyrgð á heimili og uppeldi barna þyngra á herðum kvenna en karla og þær taka lengra fæðingarorlof en karlarnir. Auk þess vinna konur á Norðurlöndum hlutastörf í ríkara mæli en karlar. Þetta hefur áhrif á tækifæri kvenna og karla til fullrar þátttöku á vinnumarkaði og stendur í veginum fyrir framamöguleikum svo að eitthvað sé nefnt. Vinnumarkaðurinn á Norðurlöndum er sem fyrr kynjaskiptur, karlar og konur starfa í ólíkum atvinnugreinum og sinna ólíkum störfum, í ólíkum stöðum og njóta ekki sömu launa. Jafnlaunamálin eru enn ofarlega á baugi þrátt fyrir að ýmislegt hafi áunnist í þeim efnun. Starfsskilyrðin eru einnig mismunandi eftir kynjum, uppruna og búsetu. Enn er verk að vinna hvað varðar atvinnuþátttöku kvenna af erlendum uppruna. Aðgerðir á þessu sviði tengjast heimsmarkmiðum SP um jafnrétti (5) og mannsæmandi atvinnutækifæri og hagvöxt (8).

Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, munu stefna að því að: Konur og karlar njóti jafna tækifæra á vinnumarkaði til framtíðar. Spornað verði gegn kynbundnu námsvali sem eykur hættu á kynjaskiptingu á vinnumarkaði.

Kynjaskiptur vinnumarkaður er óleyst viðfangsefni á Norðurlöndum. Á Norðurlöndum eru hlutfall kvenna með æðri menntun hærra en hlutfall karla með æðri menntun. Enn sem fyrr er námsvalið kynbundið eins og sést á kynjaskiptum vinnumarkaði. Kynjahlutverk barna mótast á unga aldri og því er mikilvægt að samþætta kynjasjónarmið í leikskólum og grunnskólum og veita öllum börnum jöfn tækifæri og skilyrði óháð kyni. Annar brýnn þáttur í jafnréttisstarfi skóla er aðgangur að náms- og starfsráðgjöf sem byggist ekki á stöðluðum kynjaímyndum. Í starfinu ber meðal annars að beina sjónum að störfum og atvinnugreinum sem verða áberandi á vinnumarkaði til framtíðar, til að mynda UT, tæknigreinum og frumkvöðlastarfi en þar eru konur í minnihluta. Samstarf við forsjárhafa og foreldra, sjálfbóðaliðasamtök, æskulýðssamtök, sveitarfélög, landshlutasamtök og atvinnulífið er forsenda þess að vel takist til í jafnréttisstarfi á umræddu áherslusviði.

Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, munu stefna að því að: Konur og karlar á Norðurlöndum skipti með sér ólaunuðum umönnunarstörfum í þágu heimilis og barna. Þannig skapast jöfn tækifæri til atvinnuþátttöku og jafnrétti á vinnumarkaði til framtíðar.

Konur á Norðurlöndum bera frekar en karlar ábyrgð á fjölskyldu og heimili. Sums staðar á Norðurlöndum er torsóttara fyrir karla en konur að taka fæðingarorlof eða orlof til að annast börn og aðstandendur. Konur á Norðurlöndum vinna oftast hlutastörf en karlar og hefur það áhrif á efnahag kvenna, starfsframa og eftirlaun síðar á ævinni. Hlutfall kvenna í hlutastörfum er hæst á Álandseyjum og í Færeyjum. Á sama tíma sýna rannsóknir að karlar á Norðurlöndum vilja vinna minna. Jafnari skipting ábyrgðar og vinnu, launaðrar sem ólaunaðrar, er lykilatriði í jafnréttisstarfinu. Skipting fæðingarorlofs er ein leið til að brjóta



upp þetta mynstur. Einnig skiptir máli að litið sé á karla sem mikilvægt hreyfiafl breytinga. Veigamikill þáttur í norræna velferðarlíkaninu er að finna lausnir sem gera foreldrum kleift að samræma vinnu og ábyrgð á börnum sínum. Á hinn bóginn hefur ekki verið tekið tillit til þess að margir á fullorðinsaldri, ef til vill einkum konur, annast einnig aldraða foreldra sína. Ólaunuð umönnunarstörf eru úrlausnarefni til framtíðar.

Velferð, heilsa og lífsgæði

Allir eiga tilkall til bestu mögulegrar heilsu, líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar, og aðgangs að heilbrigðisþjónustu, umönnun og annarri velferðarþjónustu. Jafn aðgangur karla og kvenna að heilbrigðisþjónustu og umönnun og réttur til viðmóts án mismununar í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu eru mikilvægar forsendur fyrir virkri þátttöku kynjanna á opinberum vettvangi og í einkalífi. Kynjameðvitaðar lyfjarannsóknir og forvarnir gegn geðrænum kvillum skipta jafnframt miklu máli. Kynbundinn munur er á heilsu fólks og heilbrigðis- og félagsþjónustu en einnig sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins yfir eigin líkama og rétti á lífi án kynferðislegrar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi. Í heilbrigðis- og jafnréttismálum ber enn fremur að taka tillit til sjónarmiða dreifbýlisins þar sem aðgangur að heilbrigðisþjónustu og opinberum stofnunum er mismunandi eftir búsetu. Aðgerðir á þessu sviði tengjast heimsmarkmiðum SP um heilbrigði (3) og jafnrétti (5).

Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, munu stefna að því að: Konur og karlar hafi sama tilkall til góðrar heilsu og aðgangs að hjúkrun og umönnun og njóti jafnréttis í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu.

Ýmiss konar munur er á heilsu kynjanna á Norðurlöndum. Almennt finnst konum frekar en körlum að þær búi við laka heilsu. Menntunarstig, námslengd og fötlun eru meðal þeirra þátta sem hafa áhrif á hvernig kynin skynja líðan sína. Geðrænir kvillar eru yfir meðaltíðni hjá ungum konum en sjálfsvíg eru algengari meðal karla. Kerfislægur kynjamunur er einnig fyrir hendi innan heilbrigðisþjónustunnar. Hann lýsir sér meðal annars í ávísunum á lyf en einnig í viðmóti, sjúkdómsgreiningu, meðferð og viðfangsefnum rannsókna. Rannsóknir á sjúkdómum karla sýna að þeir leita síður og síðar læknaaðstoðar en konur. Störf sem lúta að heilbrigði og lífsgæðum þarf að skoða með kynjagleraugum til að tryggja að allar konur og karlar, drengir og stúlkur, hafi jöfn tækifæri til lífs við góða heilsu.

Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, munu stefna að því að: Konur og karlar, stúlkur og drengir, hafi jöfn tækifæri á opinberum vettvangi og jafnan rétt til friðhelgi líkama síns. Spornað verði gegn kynferðislegri áreitni og annarri ótilhlýðilegri háttsemi, neikvæðri líkamsímynd og staðalímyndum kvenna og karla.

Metoo-hreyfingin hefur náð víða um Norðurlönd og ótal konur og stúlkur hafa stigið fram og greint frá kynferðislegri áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi sem þær hafa orðið fyrir á öllum sviðum og stigum samfélagsins. Hér eru það umfram allt kynbundnar staðalímyndir sem hamla því að fullu



jafnrétti verði náð í samfélaginu. Kynbundnar og staðlaðar birtingarmyndir kynjanna í opinberu rými, einsleitir myndir af konum og körlum í fjölmiðlum, strangar kröfur til líkamlegs atgervis og útlits ásamt klámvæðingu opinbers rýmis eru ástæður þess að fyrirmyndir einkum stúlkna og drengja eru takmarkaðar. Sjálfsmyndin mótast af því hvernig konur og karlar, stúlkur og drengir, birtast í fjölmiðlum, menningu og samskiptum, einkum á samfélagsmiðlum. Mikilvægt er að velta því fyrir sér hvernig kynbundnum staðalímýndum í samfélaginu og hinum ýmsu atvinnugreinum er miðlað og hvernig þær magnast. Einnig má spyrja hvernig atvinnurekendur fylgja ákvæðum um að sporna við kynferðislegri áreitni og mismunun á vinnumarkaði. Aðgerðir á þessu sviði eru nátengdar kynlífs- og frjósemisheilbrigði og kynfrelsi, til að mynda sjálfsákvörðunarrétti yfir eigin líkama, kynhneigð og kynvitund. Vanlíðan ungs fólks sem fellur ekki að hefðbundnum hugmyndum kynjatvíhyggjunnar er algeng á Norðurlöndum og kallar á viðbrögð. Atvinnurekendur, stéttarfélag og almenningur þurfa að vinna saman tillögur að því hvernig hægt er að útrýma kynferðislegri áreitni á vinnumarkaði á Norðurlöndum. Þverlægt samstarf er afar mikilvægt milli sviða vinnumála, menntamála og félags- og heilbrigðismála í norrænu samstarfi.

Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, munu stefna að því að: Kynbundið ofbeldi verði ekki liðið. Þróaðar verði uppbyggilegar og árangursríkar aðferðir til að stöðva kynbundið ofbeldi á Norðurlöndum.

Kynbundið ofbeldi er brot á mannréttindum, birtingarmynd mismununar og skýr vísbending um sögulega ójöfn valdatengsl karla og kvenna. Slíkt ofbeldi tekur til líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis í ýmsum myndum, nauðungarhjórabanda, kynfæralímlestinga á konum, heiðurstengds ofbeldis og kúgunar auk mansals í kynferðislegum tilgangi. Kynbundið ofbeldi ógnar öryggi þolenda og er afar kostnaðarsamt fyrir samfélagið. Kynbundið ofbeldi í öllum myndum beinist einkum að konum og stúlkum en einnig að körlum. Norðurlöndin þurfa að þróa uppbyggilegar og árangursríkar aðferðir til að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi. Mikilvægur þáttur í því starfi er að hraða þróun ofbeldisforvarna þar sem lögð er skýrari áhersla á gerandann. Leita þarf skilvirkari leiða til miðlunar á aðferðum og þekkingu, einnig varðandi hópa sem eru berskjaldaðir fyrir kynbundnu ofbeldi, til dæmis fólk með hreyfihömlun. Sérstakan gaum þarf að gefa frumbyggjum sem er hætt við kynbundnu ofbeldi og kúgun sem hefur meðal annars slæmar heilsufarslegar afleiðingar. Stjórnvöld, einkageirinn, fjölmiðlar og félagasamtök ættu að koma að því starfi. Vændi og mansal í kynferðislegum tilgangi eru brýnn vandi og mikilvægt er að halda áfram samstarfi þar að lútandi við Eystrasaltsríkin.

Völd og áhrif

Norðurlönd hafa löngum verið í fararbroddi þegar kemur að því að auka fyrirvar kvenna og jafna hlut kynjanna í stjórnámum og víðar þar sem ákvarðanir eru teknar og valdi er beitt. Þetta er árangur af meira en aldarlangri baráttu fyrir auknu fyrirvari kvenna á vettvangi stjórnmalanna og utan hans í löndunum. Þrátt fyrir það er völdum, ábyrgð og gæðum misskipt. Í ríkjandi andrúmslofti í samfélaginu leynast öfl sem vinna gegn jafnrétti, alþjóðlega og á Norðurlöndum. Þegar svo er ástatt er brýnna en



nokkru sinni fyrr að löndin haldi á lofti staðreyndum um hlutföll kynjanna á hinum ýmsum sviðum, atvinnugreinum og stjórnsýslustigum á Norðurlöndum og læri af reynslu hvert annars. Fordómar, stöðluð kynhlutverk, kynjamismunun og óformleg kerfi mega ekki aftra því að konur og karlar njóti jafnra tækifæra til að hafa völd og áhrif. Sú áskorun er hnattræn og skilgreind í heimsmarkmiði SP um jafnrétti (5).

Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, munu stefna að því að: Konur og karlar njóti jafnra tækifæra til að hafa áhrif og völd. Karlar og drengir verði hvattir til að taka þátt í að jafna skiptingu valds og gæða í samfélaginu.

Karlar eru í meirihluta í æðstu stöðum samfélagsins hvort sem er á vettvangi stjórn mála, atvinnulífs, fjölmiðla eða menningar. Umrætt ójafnvægi er ekki nýtt af nálinni. Kynbundin valdskipting á þessum sviðum gengur eins og rauður þráður í gegnum söguna. Jafnrétti mætir andstöðu alþjóðlega og á Norðurlöndum og birtist hún til að mynda í nafnlausri hatursorðræðu sem er oft kynbundin og beinist gegn konum. Við slíkar aðstæður er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að löndin haldi staðreyndum um völd á lofti og nýti sér reynslu hvert annars. Til að jafna tækifæri kynjanna til að hafa völd og áhrif er mikilvægt að rannsaka, ræða og gagnrýna kynhlutverk og staðalímyndir karlmennsku og kvenleika. Árangurinn er undir því kominn að karlar og drengir taki þar fullan þátt. Mikilvægt er að bera saman reynslu af tækjum og góðum starfsháttum á þessu sviði. Einnig skiptir máli að efla samráð um þetta viðfangsefni við önnur samstarfssvið ráðherranefndarinnar og breiðari hóp úr ýmsum starfsgreinum.

Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, munu stefna að því að: Jafnrétti aukist í forystu og konum fjölgi í stjórnunarstöðum.

Jöfn kynjahlutföll í valdastöðum hafa löngum verið forgangsmál á Norðurlöndum. Þrátt fyrir ýmsar ráðstafanir er hlutur kvenna lítill í forystu atvinnulífsins. Í norrænu löndunum er að finna góð dæmi þess hvernig skapa má konum tækifæri til að sækjast eftir starfsframa á vinnumarkaði. Til að tryggja jafnrétti í forystu atvinnulífsins er afar mikilvægt að eiga samstarf við aðila vinnumarkaðarins og efla áfram samstarf við almennan vinnumarkað.

Jafnréttisstarf með áherslu á karla og karlmennskuímyndir

Í jafnréttisstefnu norrænu landanna hefur um nokkra hríð verið lögð æ meiri áhersla á að jafnrétti eigi einnig við um karla. Í norrænu samstarfi er ítrekað tekið fram að fullu jafnrétti verði aðeins náð með þátttöku karla í jafnréttisstarfinu. Eigi að síður hefur jafnréttisstarf um karla og drengi verið fyrirferðarlítið og farið fram í afmörkuðum verkefnum. Nú er þörf á að setja þessa vinnu í forgang til lengri tíma séð. Karlar þurfa að koma þar að málum sem mikilvægir aflvakar breytinga. Kynjaímyndir sem standa konum fyrir þrifum hafa einnig áhrif á karla. Með því að andæfa þess háttar hugmyndum öðlast bæði kynin aukið frelsi og fleiri tækifæri. Breyttar ímyndir eru til hagsbóta fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Með því síðarnefnda er meðal annars átt við aukið öryggi, bætta lýðheilsu, minna



ofbeldi, betri námsárangur drengja, minni kynjaskiptingu á vinnumarkaði og breiðari nýliðun á opinberum vinnumarkaði.

Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, munu stefna að því að: Virkja drengi og karla í jafnréttisstarfi og véfengja hamlandi viðmið og kynbundnar staðalímyndir.

Karlar hafa meiri völd og áhrif en konur og eru eignameiri og tekjuhærri. Konur bera iðulega meginábyrgð á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum. Karlar geta aftur á móti átt á hættu að kafna undir hugmyndum um að karlar eigi að vera sterkir og sjálfstæðir. Sem dæmi má nefna að karlar leita sér síður heilbrigðisþjónustu eða hjálpar en konur, einkum ef um er að ræða geðræna kvilla. Drengjum gengur verr í skóla og karlar beita og verða fyrir ofbeldi. Einn velgengnisþátturinn felst í því að flétta málefni karla og karlmennskuímyndir inn í jafnréttisstarf sem fyrir er og kanna hvernig breyttar karlmennskuímyndir geta haft áhrif á kynin. Karlar og karlmennska þarfnast sérstakrar skoðunar í jafnréttisstarfinu og án þess að nokkuð sé gefið fyrirfram. Jafnframt þarf að sýna fram á og útskýra hvernig ríkjandi karlmennskuímyndir eru körlum og drengjum í hag en einnig óhag. Aukinnar þekkingar er þörf um málefni tengd karlmennskuímyndum, körlum, drengjum og jafnrétti. Í dag skortir fyrirtæki, einkum staðbundin og svæðisbundin, háþróaða þekkingu um aðferðir sem til lengri tíma hnika við karlmennskuímyndum. Því verður lögð sérstök áhersla á langtímaverkefni um eftirfarandi málefni: Karla og menntun, karla og foreldrahlutverkið ásamt rannsóknum og þekkingu.

Opið og sýnilegt samstarf um jafnréttismál

Norðurlönd sem svæði og norrænu löndin hvert um sig njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og norræna vörumerkið er vel þekkt. Vaxandi áhugi er á reynslu Norðurlandþjóðanna af því að byggja upp og þróa samfélög með hárrí framleiðni, jafnrétti, félagslegu öryggi og vistvænu umhverfi. Í framtíðarsýninni fyrir norrænt samstarf segir að opin Norðurlönd felist í því að stilla saman strengi landanna í alþjóðamálum. Tilgangur norræns jafnréttissamstarfs er enn fremur að styðja við alþjóðlegar skuldbindingar landanna og skapa samlegðaráhrif milli þeirra í jafnréttismálum.

Samstarf á grannsvæðum Norðurlanda verður áfram ofarlega á dagskrá, meðal annars við Eystrasaltsríkin. Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um jafnréttismál byggist á samráði og jafnræði en grundvöllur þess eru norrænn-baltneskur rammisamningur um jafnréttissamstarf (frá árinu 2016) og viðmiðunarreglur Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf við Eistland, Lettland og Litáen.

Norrænt jafnréttisstarf á jafnframt að stuðla að áframhaldandi sjálfbærri þróun á norðurslóðum með því að halda jafnréttissjónarmiðum á lofti sem forsendu fyrir þeirri þróun. Sú viðleitni byggist á samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið (2018–2021).

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (CSW)

Norræna ráðherranefndin tekur þátt í fundum kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) í þeim tilgangi að vekja athygli á norrænu jafnréttissamstarfi og greiða fyrir gagnkvæmri upplýsingamiðlun um



málefni sem eru sett á oddinn. Þátttaka og aðgerðir á vettvangi kvennanefndarinnar eiga enn sem fyrr að stuðla að öflugum samskiptum og samræðu um norrænt jafnréttissamstarf og samstarfsverkefni líðandi stundar og hvernig það starf getur stutt við öflugt jafnréttissamstarf landanna á alþjóðavettvangi.

The Nordic Gender Effect at Work (Norræn kynjaáhrif á vinnumarkaði)

Rétturinn til mannsæmandi starfsskilyrða og jafnréttis eru hvort tveggja brýn málefni í alþjóðlegu samhengi sem fjallað er um í heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun. Forsætisráðherrar Norðurlandanna settu verkefnið *The Nordic Gender Effect at Work* á laggirnar fyrir tímabilið 2017–2019 í því skyni að miðla reynslu Norðurlandanna á þessu sviði og stuðla að jafnrétti sem markmiði í sjálfu sér en einnig sem forsendu fyrir mannsæmandi starfsskilyrðum og hagvexti um heim allan. Verkefnið er unnið í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina um vinnumál (MR-A). Boðskapur Norðurlanda undir merkjum verkefnisins *The Nordic Gender Effect at Work* er að skipting fæðingarorlofs, aðgangur að góðri dagvistun sem allir hafa efni á, sveigjanlegur vinnumarkaður og jafnrétti í forystu atvinnulífsins séu forsendur farsælla og sjálfbærra samfélaga. Eigi að síður standa Norðurlönd frammi fyrir áskorunum einmitt á þessum sviðum. Á gildistíma áætlunarinnar er stefnt að því að nýta það samstarf og þau bandalög og samlegðaráhrif sem verkefnið hefur leitt til og kanna möguleika á frekari verkefnum og samstarfi.

ESB

Norrænt samstarf getur verið hentugur vettvangur til að afla og miðla þekkingu um og reynslu af miðlægum áætlunum Evrópusambandsins og aðgerðum í jafnréttismálum svo að dæmi sé tekið. Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál getur veitt norrænum hagsmunum brautargengi hjá ESB, til dæmis með því að vinna saman að hagsmunagæslu

Sambætting jafnréttissjónarmiða

Jafnrétti verður til þar sem almennar ákvarðanir eru teknar, gæðum er skipt og föst viðmið eru sett. Því verður að horfa til jafnréttissjónarmiða í daglegu starfi og norrænu samstarfi almennt. Sambætting jafnréttissjónarmiða er leið sem þróuð var til að vega á móti þeirri tilhneigingu að gera jafnréttismál að aukaatriði. Í norrænu samstarfi er sambætting jafnréttissjónarmiða forsenda þess að markmiðinu um fullt jafnrétti verði náð. Af því leiðir að jafnréttissjónarmið eru rauður þráður í allri starfseminni. Í aðferðinni felst einnig að jafnrétti er ekki aðeins á borði sérfræðinga heldur hvílir ábyrgðin á öllum sviðum, á öllum yfirmönnum og á starfsfólki. Því þurfa allir sem hlut eiga að málum að fá tækifæri til að fræðast um jafnrétti, um mismunandi stöðu kvenna og karla og um áskoranir í jafnréttismálum sem bregðast þarf við. Norrænu samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið að öll samstarfssviðin eigi að setja sér jafnréttismarkmið út frá álitaefnum sem við eiga á hverju sviði, sjá til þess að þeim verði náð og gefa skýrslu um vinnuna. Sambættingin felst í því að sviðin geri sjónarmið kynjanna sýnileg í ákvörðunum og aðgerðum. Samráð og samstarf eru grundvallaratriði í sambættingu milli mismunandi sviða og við jafnréttissviðið. Jafnréttissviðinu ber áfram að styðja við þróun þessa starfs.



3. FRAMKVÆMD

Innleiðingaráætlun

Samstarfsáætlunin vísar veginn í starfsemi jafnréttissviðsins en þar er greint frá helstu pólitísku forgangsmálunum á gildistíma hennar. Samstarfið á að vera þróttmikið og nógu sveigjanlegt til að geta mætt þörfum landanna og úrlausnarefnum sem stjórnvöld á Norðurlöndum, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi, standa frammi fyrir hverju sinni.

Jafnréttisstarfið á að byggjast á traustri þekkingu og staðreyndum, til að mynda kyngreindum og aldursgreindum hagtölum, kynjarannsóknunum, þekkingargrunni og yfirlitum. Starfsaðferðirnar geta til að mynda falist í því að miðla góðum dæmum, skapa vettvang fyrir norrænar og alþjóðlegar umræður og tengslanet, hafa áhrif á viðhorf fólks, standa að norrænum jafnréttisráðgjafarstarf í löndunum.

Um starfsemi jafnréttissviðsins á gildistíma áætlunarinnar gilda einnig önnur stjórnþæki Norrænu ráðherranefndarinnar. Þar má nefna framtíðarsýnina fyrir norrænt ríkisstjórnasamstarf („Saman erum við öflugri“), samstarfsáætlanir annarra fagsviða og formennskuáætlanir landanna.

Einkum ber að nefna þverfaglega stefnu í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum sem gildir til ársins 2022. Í henni er kveðið á um að ráðherranefndin í heild sinni leggi sig fram við að flétta réttindi barna og málefni ungmenna inn í starf sitt þannig að betur verði hugað að og hlustað á það sem börn og ungmenni hafa að segja. Enn fremur eru tilgreind þrjú stefnumótandi aðgerðasvið sem jafnréttissviðinu ber að hafa hliðsjón af í störfum sínum á gildistíma áætlunarinnar. Þau eru öflugur stuðningur við börn og ungmenni í áhættuhópum og virkni þeirra í samfélaginu, áframhaldandi samstarf og stuðningur við félagasamtök og bætt þekkingarmiðlun og aðgerðir til að auka færni.

Önnur mikilvæg stjórnþæki á jafnréttissviði á gildistíma áætlunarinnar eru Dagskrá 2030 og heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun og á það við um öll markmiðin eins og samþætting jafnréttissjónarmiða kveður á um. Starfið á jafnréttissviði er sérlega mikilvægt og getur haft áhrif á framlag Norðurlanda til eftirfylgni Dagskrár 2030 enda telst jafnrétti forsenda sjálfbærrar þróunar.

Skipulag á fagsviðinu

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál (MR-JÅM)

Ráðherranefndin fer með æðsta ákvörðunarvald í norrænu samstarfi um jafnréttismál og mótastefnu á jafnréttissviðinu. Nefndina skipa jafnréttisráðherrar Norðurlandanna og koma þeir venjulega saman einu sinni á ári. Ráðherrafundurinn á að vera vettvangur áhugaverðrar pólitískrar umræðu þar sem löndin bera saman reynslu sína og þróa samstarfið. Norrænu löndin skiptast á um að fara með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni eitt ár í senn.



Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÄK-JÄM)

Embættismannanefndin undirbýr mál fyrir ráðherranefndina og hrindir ákvörðunum hennar í framkvæmd. Embættismannanefndin getur tekið tiltekna ákvarðanir fyrir hönd ráðherranefndarinnar. Embættismannanefndin ber einnig ábyrgð á inntaki og umsýslu jafnréttisstarfsins í nánu samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og Norrænu upplýsingaveituna um kynjafræði (NIKK). Formaður embættismannanefndarinnar stýrir starfi hennar. Embættismannanefndin er jafnframt vettvangur þekkingar- og reynslumiðlunar sem er skerfur til pólitískrar stefnumótunar í löndunum. Embættismannanefndin fylgir framkvæmd samstarfsáætlunarinnar eftir og tekur við niðurstöðum verkefna sem unnin eru á vegum áætlunarinnar.

Norræna upplýsingaveitan um kynjafræði (NIKK)

Norræna upplýsingaveitan um kynjafræði, NIKK, er samstarfsstofnun ráðherranefndarinnar um jafnréttismál og hlutverk hennar er að framfylgja megin- og hlutamarkmiðum samstarfsáætlunarinnar. Samstarfsáætlunin er stjórnæki og leiðbeinandi fyrir starfsemi og forgangsverkefni NIKK á gildistíma áætlunarinnar 2019–2022. Verkefni NIKK er einkum að skapa þekkingu og miðla henni. Í því felst að:

- Taka saman og miðla skipulega rannsóknnum, pólitískum ákvörðunum, þekkingu og starfi út frá norrænu og þverlægu sjónarhorni í því skyni að framfylgja samstarfsáætluninni og stefnu Norðurlandanna í jafnréttismálum.
- Kynna störf ráðherranefndarinnar um jafnréttismál og vekja athygli á henni á ýmsum vettvangi.
- Aðstoða ráðherranefndina, embættismannanefndina og formennskulandið með því að taka saman þekkingu og miðla henni í þágu starfsemi og verkefna sem eru í forgangi. Sá stuðningur felst einnig í sérfræðiráðgjöf og miðlun á reynslu, tengiliðum og samskiptaleiðum sem varða norrænt samstarf.
- Eiga frumkvæði að og annast verkefni við framkvæmd norrænna samstarfsáætlana, sviðsáætlana og framkvæmdaáætlana um jafnréttismál.
- Taka að sér verkefni sem heyra undir starfssvið upplýsingaveitunnar að beiðni annarra norrænna ráðherranefnda að því tilskildu að fjármögnun fylgi og framkvæmdin samrýmist öðrum forgangsmálum í starfinu.
- Annast umsýslu Norræna jafnréttissjóðsins, styrkjaáætlunar ráðherranefndarinnar um jafnréttismál, í samræmi við reglur hans. NIKK ber einnig með forvirkum hætti að fylgjast reglulega með framvindu sjóðsverkefna og hvernig þau geta stuðlað að eftirfylgni samstarfsáætlunarinnar.

Mat og eftirfylgni

Ætlunin er að taka út verkefni og framkvæmd samstarfsáætlunarinnar á miðju tímabili árið 2020 í því skyni að varpa ljósi á það sem betur má fara eða hugsanlegar breytingar á stefnumarkandi áherslusviðum með hliðsjón af markmiðssetningu áætlunarinnar. Þar að auki ber að meta framkvæmd áætlunarinnar í heild sinni á árinu 2022 í upplýsingaskyni fyrir næsta samstarfstímabil árin 2023–2026.